

16
14. jan. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu kostnaðar við flutning skipbrotsmanna af íslensku skipi til áttthaga sinna í Noregi. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þýðingar á tveim yfirlýsingum sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, um samninginn milli hans og O. Wathnes, eiganda og skipstjóra gufuskipins »Miaca», sem strandaði í nefndri sýslu 27. maí f. á. viðvíkjandi flutningnum á skipshöfninni til Skotlands. Af yfirlýsingunum sjest, að sýslumaður þessi taldi það skyldu sína, af því að »Miaca» átti heima á Íslandi og því var haldið fram, að skiprúms-samningarnir við skipverja væru á enda, þegar komið væri til Seyðisfjarðar, þar er skipið átti heima, að taka að sjer skipbrotsmennina, sem allir voru Norðmenn, samkvæmt samningnum milli Danmerkur og Svíaríkis og Noregs 10. ágúst 1883, og gjöra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar voru til að senda þá til áttthaga sinna. Svo hafði þjer og sent þýðingu af brjefi frá amtmanninum yfir norður- og austuramtinu ásamt fylgiskjölum, og eru þar í sannanir þær, sem Wathne skipstjóri hefir fært fyrir því, sem hann hefir haldið fram og áður er um getið, að því er snertir skiprúms-samningana. Loks hafði þjer sent hingað þýðingu af öðru brjefi frá sama amtmanni ásamt beiðni frá Wathne skipstjóra um að fá endurgöldin öll þau gjöld, sem hann hefur haft út af skipbrotsmönnum, þar með talin eigi að eins gjöldin við flutninginn frá Eskifirði til Leith, heldur einnig kostnaðurinn við fæði og húsnæði handa skipverjum á strandstaðnum og á Eskifirði og flutningurinn þangað, og að endingu gjaldliður, sem ætla má að sje krafa sú, sem gjörð hefur verið til hans um endurborgun á kostnaði þeim, seu aðalkonsúllinn í Leith greiddi fyrirfram til flutnings skipverja frá Leith til Noregs.

Að því er nú snertir þessar upplýsingar, hafði þjer tekið fram, að eptir þeim þyki yður ekki næg ástæða til, að hrinda því, sem eigandi »Miaca» hefur haldið fast við, að skipverjar hafi eigi, þegar skipið strandaði, verið ráðnir lengur með því, en þangað til það kæmi til Seyðisfjarðar, og þar af leiðandi hafi skylda hans sem útgjörðarmanns gagnvart skipshöfninni eigi náð lengra en að flytja hana til þess staðar, sem skipið átti að fara til. Þar sem nú enn fremur ekki var hægt að veita skipbrotsmönnum neina atvinnu hjer á landi, og samkvæmt 10. gr. í strandlögnum 14. jan. 1876 átti þess vegna að flytja þá til heimila þeirra, og þeir áttu allir heimili í Noregi, var það tilgangslaust að láta flytja þá til Seyðisfjarðar, sem auk þess var lokaður af ís, svo að hægra var að flytja þá heimleiðis frá Eskifirði, þá eruð þjer þeirrar skoðunar, að á Wathne hafi alls engin skylda hvílt, að kosta flutning skipverja heimleiðis frá Eskifirði, og að það sje þess vegna svo langt frá því, að hann eigi að endurborga kostnað þann, sem aðalkonsúllinn í Leith hefur greitt fyrirfram, að hann hafi þvert á móti heimtingu á, að fá greidda upphæð þá, 1260 kr., fyrir flutning skipbrotsmanna frá Eskifirði til Leith, sem hann hafði samið um við sýslumann. Að öðru leyti hallizt þjer að þeirri skoðun amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, að kostnaðinn við fæði og húsnæði handa skipshöfninni á strandstaðnum og á Eskifirði og flutning hennar þangað, eigi útgjörðarmaður skipsins sjálfur að annast, og sömuleiðis eruð þjer á amtmannsins máli með það, að frá ofanefndri 1260 kr. borgun eigi að dragast 180 kr., sem við koma báðum stýrimönnum, þar sem þeir lögum samkvæmt, áttu að skoðast sem íslenskir þegnar, er þannig ekki hefði átt að senda heim til Noregs.

Einnig mjer þykir það ísjárvert, eptir því sem upplýst er í málinu, að taka eigi til greina skýrslu útgjörðarmanns «Miaca», og þar sem ætla má eptir henni, að

hann hefði haft heimild til að láta skipverja fara úr skiprúminu við komuna til Seyðis- 16
fjarðar, þá er jeg yður samdóma um, að af því leiði, að Wathne skipstjóra hafi engin 24. jan.
skylda borið til að kosta flutning skipbrotsmanna til Noregs, að gjöldin við flutninginn
frá Eskifirði til Noregs komi honum þannig ekkert við og að hann eigi heimtingu á
að fá borgaðan þann hluta af flutningnum, sem hann eptir beiðni sýslumannsins hefur
annast. Sömuleiðis er jeg yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að af liðunum í
reikningi Wathnes er það einungis borgunin fyrir flutninginn frá Eskifirði til Leith,
sem hann hefur heimtingu á. Aftar á móti verð jeg að líta svo á, sem það sje á-
stæðulaust, að draga frá þessari borgun þau gjöld, sem við koma stýrimönnum.
Vitaskuld er það, að sýslumanni hefur orðið sú yfirsjón á, að senda á kostnað lands-
sjóðs til Noregs menn, sem hann hlaut að vita að eptir skipun laganna, sbr. opið brjef
27. maí 1859, áttu að vera heimilfastir á Íslandi og því mátti ætla að væru það, en
að láta afleiðingarnar af þessari yfirsjón koma niður á Wathne skipstjóra, verð jeg að
ætla að engin ástæða sje til, þar sem eins og hjer á stendur verður að ganga út frá
því, að hann hafi ekki á annan hátt verið við riðinn þennan heimflutning, sem að öðru
leyti var honum óviðkomandi, en þann, að hann samdi við sýslumanninn sem rjettan
málsaðila um flutninginn, án þess að honum hafi borið að skera úr, hvort, til hvaða
lands eða hve margra af hinum umræddu mönnum skyldi flytja brott. En um leið og
jeg, að því er framkomu Johnsens sýslumanns snertir, bið yður, herra landshöfðingi, að
tilkynna tjeðum embættismanni óánægju mína með það, að hann hafi látið þessa tvo
stýrimenn vera meðal þeirra, þer heim voru sendir, tel jeg það að öðru leyti sjálfsgagt,
að hann hafi nákvæmlega rannsakað, hvort skipbrotsmenn gætu alls ekkert úti látið til
kostnaðarins við heimflutninginn, áður en þeir voru sendir heim á kostnað landssjóðs,
sjerstaklega hvort þeir, þar sem nú strandið varð undir lok sjóferðar, hafi ekki átt neitt
inni hjá útgjörðarmanni skipsins, sem hefði mátt nota til ferðakostnaðar.

Borgun sú, sem Watne skipstjóra samkvæmt þessu ber eptir samningnum
milli hans og Johnsens sýslumanns, að upphæð 1260 kr., skal jeg hjer með þjónustu-
samlega biðja yður, að hlutast þóknanlega til um, að honum verði greidd úr jarðabók-
arsjóði Íslands.

Þar sem þjer að endingu látið þá ætlun í ljósi, að fyrirframgreiðslur þær, sem
þessu samkvæmt þegar eru greiddar samkvæmt strauðlögum eða síðar verða greiddar
úr landssjóði, muni hin norsku yfirvöld, er hlut eiga að máli, endurgjalda, skal jeg geta
þess, að þessi ætlun er eigi á rökum byggð, þar sem svo er að skilja optnefndan
samning milli Danmerkur og Svíaríkis og Noregs 10. ágúst 1883, sem að sjálfsgöðu er
einnig bindandi fyrir Ísland, að hin hjer um ræddu gjöld greiðist fyrir fullt og allt af
því ríki, er hlutaðeigandi skip hefur haft flagg þess, og er eigi heldur að vænta endur-
borgunar frá sjómönnum þeim, er hlut eiga að máli, nje frá framfærslusveitum þeirra.

Reikningurinn frá Wathne skipstjóra, sem var í fylgiskjölunum, endursendist
hjer með.

Auglýsing.

Þeim 6000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. c. 4. d. í fjárlögum fyrir 1888 og
1889 á að úthluta til sýslufjelaga fyrir árið 1889 til eflingarbúnaði, að hálfu eptir fólks-
fjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjórðunda, hefur nú
verið skipt svo milli hinna einstöku sýslufjelaga sem eptirfylgjandi tafla sýnir :

17

25. febr.